

**Athugasemdir frá stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum varðandi Þingsskjal 1226 — 707. mál.**

Stjórn FLH fagnar framkomnu frumvarpi til breytinga á veiðilöggjöfinni, enda styrki það stöðu leiðsögumanna, ákvæði um skotpróf er til þess fallið að efla hæfni veiðimanna almennt og það á að taka af öll tvímæli um það hvað má veiða og hvar ekki.

Hér á eftir eru þó, nokkrir punktar, sem FLH gerir athugasemdir við varðandi breytingar á löggjöfinni.

**Grein 6. liður 2.** *Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verkleg skotpróf á síðustu 12. mánuðum.* Skýringar á þessum lið taka ekki af öll tvímæli um að skotprófið fylgi endurnýjun leyfis sem leiðsögumaður með hreindýraveiðum, eins og um hefur verið rætt varðandi þetta atriði.

**Grein 6. liður 4.** *Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.*

Ber að skilja þetta þannig að leiðsögumönnum með hreindýraveiðum ber að endurnýja kunnáttu sína í skyndihjálpi á fjögurra ára fresti en ekki tveggja ára fresti eins og gjarnan tíðkast hjá starfshópum sem vinna við „áhættusamar“ aðstæður.

**Grein 6. liður 4.** Heldur klaufalegt að hafa í sama lið tvö óskyld mál eins og ákvæði um hæfni og ábyrgð leiðsögumanna með hreindýraveiðum og ákvæði um arðsúthlutun og viðurlög gagnvart því eigendum og ábúendum jarða sem ekki heimila veiðar á sínu landi.

Meira um þennan lið þar sem talað er um tilkynningarskyldu eigenda og ábúenda jarða um hvort þeir leyfi veiðar á sínu landi eður eigi. Til einföldunar, fær betur á því að;

Eigandi eða ábúandi jarðar skal fyrir 1. júlí ár hvert tilkynna ef hann leyfir ekki hreindýraveiðar á sínu landi. Að öðrum kosti skal gengið út frá því að hann leyfi hreindýraveiðar á landi sínu .

**V. Mat á áhrifum**

*Fyrir veiðimenn eru afleiðingar .....þeir standist verklegt skotpróf árlega.*

Væri ekki rétt að þarna stæði ...þeir standist verklegt skotpróf í hvert sinn sem þeir fá úthlutað leyfi til að veiða hreindýr.

**Í athugasemdum um 2. tölul.** er fjallað um skotpróf sem leiðsögumenn þurfa að þreyta. Er ótvírætt að verið sé að tala um að skotpróf leiðsögumanna fylgi endurnýjun leyfis til að leið segja við hreindýraveiðar þ.e. á fjögurra ára fresti.

Varðandi gjaldtökuheimild Umhverfisstofnunar vegna endurnýjunar leyfa til að leið segja og skotvopnaleyfi leiðsögumanna þá verður það að teljast nokkuð langt seilst að fara að setja inn sérstök ákvæði þar um. Leiðsögumenn með hreindýraveiðum eru samstarfsaðilar Umhverfisstofnunar um flest mál sem lúta að hreindýraveiðum og þiggur stofnunin af leiðsögumönnum ráð og þjónustu, án þess að leiðsögumenn rukki þar sérstaklega fyrir.

**Í 5. mgr.** er komist svo að orði; *Ábyrgð leiðsögumanna er mikil þar sem þeir eru í reynd eftirlitsmenn með hreindýraveiðum.*

Þetta orðalag er ónothæft þar sem hugtakið „eftirlitsmaður“ er notað með eftirfarandi hætti í 5. grein reglugerðar um hreindýraveiðar:

**5. gr.** *Umhverfisstofnun ræður eftirlitsmenn með hreindýraveiðum. Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með framkvæmd veiða og hafa eftirlit með veiðimönnum og leiðsögumönnum og ganga úr skugga um að veiðar fari fram eftir reglum þessum. Starfa eftirlitsmenn í umboði stofnunarinnar og bera ábyrgð gagnvart stofnuninni á störfum sínum.*

Þarna er eftirlitsmaður með hreindýraveiðum með nokkurs konar löggæsluvald, eftirlit með veiðimönnum og leiðsögumönnum.

**Í 5. mgr.** er einnig komist svo að orði: *Ef veiðimaður brýtur af sér og leiðsögumaður tilkynnir það ekki til yfirvalda getur hann talist samsekur.*

Um þennan þátt er væntanlega fjallað í almennum hegningarögum. Þessi skýring gengur of langt í að taka ábyrgð af veiðum af veiðimanninum sjálfum og getur ekki staðist efnislega.

Varðandi skotpróf almennt. Umhverfisstofnun þyrfti að hafa heimild til að fela skotfélögum framkvæmd skotprófa. Umhverfisstofnun sem slík hefur væntanlega hvorki mannafla, sérþekkingu eða aðstöðu til að annast sjálf þessi skotpróf. Og eðlilegt að hún hafi heimild til að fela skotfélögum og trúnaðarmönnum umsjón skotprófa. Þannig getur hún haft yfirumsjón og tekið við gögnum varðandi skotprófin og falið skotfélögunum framkvæmdina. Það myndi einnig styrkja skotfélögin að fá slíkt verkefni.

Með von um áframhaldandi gott samstarf.

  
Sævar Guðjónsson formaður FLH.